

## REGLUR

### lagadeildar Háskóla Íslands um lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA- og BS-námi við aðrar deildir Háskólans.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Lagadeild Háskóla Íslands býður upp á nám í lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA- og BS-námi við aðrar deildir Háskólans þar sem reglur þessara deilda standa því ekki í vegi.

Boðið er upp á lögfræði sem aukagrein á alþjóðasviði, fjármunaréttarsviði, refsiréttarsviði, stjórnisýslusviði, umhverfis- og auðlindaréttarsviði og á almennu sviði.

Að jafnaði er boðið upp á kennslu í þeim námskeiðum, sem eru í kjarnanámi og kjörnámi, á tveimur háskólaárum. Námskeið sem byrja á nr. 03.01., 03.02. og 03.03. eru kennd á hverju ári en námskeið sem byrja á nr. 03.04. og 03.15. eru almennt kennd annað hvert háskólaár. Lagadeild áskilur sér þó rétt til að fella niður kennslu í tilteknum námskeiðum, sem kennd eru annað hvert háskólaár, sé þátttaka ekki næg eða af öðrum ástæðum.

Reglur lagadeildar um kennsluhætti og próffyrirkomulag, þ.m.t. um lágmarkseinkunnina 6,0 í öllum námskeiðum, gilda um þá stúdenta sem taka lögfræði sem aukagrein við aðrar háskóladeildir.

Lýsingar á námskeiðum við lagadeild eru birtar í kennsluskrá Háskóla Íslands.

Stúdent, sem hefur verið skráður í laganám og hefur staðist próf í einu eða fleiri námskeiðum á fyrsta ári BA-náms við deildina, getur fengið það nám metið í námi samkvæmt 2.-7. gr. reglna þessara.

#### 2. gr.

##### *Lögfræði sem 30 eininga aukagrein á alþjóðasviði.*

Nám í lögfræði sem aukagrein á alþjóðasviði skiptist þannig, að 21 eining er kjarnanám (skyldunámskeið) og 9 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi fimm námskeið teljast til kjarnanáms:

03.01.21-	3,0e	Inngangur að lögfræði
03.01.14-	7,5e	Stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti
03.01.24-	3,0e	Evrópuréttur
03.15.01-	3,0e	Basic Course in Public International Law
03.15.08-	3,0e	International Human Rights Law
	1,5e	Verkefni

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemanda að velja fimm þeirra:

03.04.04-	3,0e	Evrópuréttur I
03.15.17-	3,0e	Lagaumhverfi alþjóðastofnana
03.04.23-	3,0e	Samanburðarlögfræði
03.04.57-	3,0e	Natural Resources Law II (Law of the Sea)
03.15.19-	3,0e	Alþjóðaviðskiptaréttur
03.15.20-	3,0e	Alþjóðalög um vopnuð átök

## 3. gr.

*Lögfræði sem 30 eininga aukagrein á fjármunaréttarsviði.*

Nám í lögfræði sem aukagrein á fjármunaréttarsviði skiptist þannig að 24 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 6 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi sex námskeið teljast til kjarnanáms:

03.01.21-	3,0e	Inngangur að lögfræði
03.02.11-	5,0e	Samningaréttur
03.03.11-	5,0e	Kröfuréttur I
03.03.24-	4,0e	Kröfuréttur II
03.04.18-	3,0e	Rafbréf og önnur viðskiptabréf
03.04.49-	3,0e	Verðbréfamarkaðsréttur
	1,0e	Verkefni

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemanda að velja tvö þeirra:

03.01.24-	3,0e	Evrópuréttur
03.04.04-	3,0e	Evrópuréttur I
03.04.05-	3,0e	Evrópuréttur II
03.04.09-	3,0e	Félagaréttur I
03.04.10-	3,0e	Félagaréttur II
03.04.14-	3,0e	Höfundaréttur
03.04.21-	3,0e	Samkeppnisréttur
03.04.37-	3,0e	Skattaréttur I - íslenskur
03.04.38-	3,0e	Skattaréttur II - alþjóðlegur
03.04.40-	3,0e	Auðkennaréttur
03.04.41-	3,0e	Einkaleyfi og hönnunarvernd

## 4. gr.

*Lögfræði sem 30 eininga aukagrein á refsiréttarsviði.*

Nám í lögfræði sem aukagrein á refsiréttarsviði skiptist þannig, að 22 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 8-9 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi sex námskeið teljast til kjarnanáms:

03.01.21-	3,0e	Inngangur að lögfræði
03.03.12-	5,0e	Refsiréttur I
03.03.25-	4,0e	Refsiréttur II
03.03.26-	4,0e	Réttarfar II
03.04.16-	3,0e	Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar
03.04.28-	3,0e	Umhverfisrefsiréttur

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemanda að velja tvö eða þrjú þeirra:

03.01.17-	5,0e	Sifja- og erfðaréttur
03.04.26-	3,0e	Fjármuna- og efnahagsbrot
03.04.53-	3,0e	Viðurlög og viðurlagapólitík
03.15.08-	3,0e	International Human Rights Law
03.15.07-	3,0e	Alþjóðlegur refsiréttur

## 5. gr.

*Lögfræði sem 30 eininga aukagrein á stjórnsýslusviði.*

Nám í lögfræði sem aukagrein á stjórnsýslusviði skiptist þannig, að 24 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 6 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi fimm námskeið teljast til kjarnanáms:

03.01.21-	3,0e	Inngangur að lögfræði
03.01.14-	7,5e	Stjórnskipunarréttur
03.02.13-	2,5e	Stjórnsýsluréttur I
03.02.22-	7,5e	Stjórnsýsluréttur II
03.04.45-	3,0e	Sveitarstjórnarréttur
	0,5e	Verkefni
Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemanda að velja tvö þeirra:		
03.01.17-	5,0e	Sifja- og erfðaréttur
03.01.24-	3,0e	Evrópuréttur
03.04.01-	3,0e	Starfsmannaréttur
03.04.04-	3,0e	Evrópuréttur I
03.04.05-	3,0e	Evrópuréttur II
03.04.27-	3,0e	Stjórnsýsluréttur III
03.04.31-	3,0e	Umhverfisréttur
03.04.32-	3,0e	Upplýsingatækniréttur
03.04.37-	3,0e	Skattaréttur I
03.04.47-	3,0e	Almannatryggingaréttur
03.04.51-	3,0e	Persónuréttur II – Persónuupplýsingar og einkalífsvörnd

## 6. gr.

*Lögfræði sem 30 eininga aukagrein á sviði umhverfis- og auðlindaréttar.*

Nám í lögfræði sem aukagrein á sviði umhverfis- og auðlindaréttar skiptist þannig, að 18 einingar eru kjarnanám (skyldunámskeið) og 12 einingar eru kjörnám (valnámskeið).

Eftirfarandi sex námskeið teljast til kjarnanáms:

03.01.21-	3,0e	Inngangur að lögfræði
03.02.13-	2,5e	Stjórnsýsluréttur I
03.04.31-	3,0e	Umhverfisréttur
03.04.28-	3,0e	Umhverfisrefsiréttur
03.15.26-	3,0e	EC Environmental Law
03.04.56-	3,0e	Natural Resources Law I (Basic Course)
	0,5e	Verkefni

Eftirfarandi námskeið teljast til kjörnáms og ber nemanda að velja fjögur þeirra, alls 12e:

03.15.23-	3,0e	EEA and EFTA Law
03.04.62-	3,0e	Mat á umhverfisáhrifum
03.04.57-	3,0e	Natural Resources Law II (Law of the Sea)
03.04.58-	3,0e	Natural Resources Law III (Fisheries Policy)
03.15.05-	3,0e	International Environmental Law
03.15.12-	3,0e	International Law of Sustainable Development

## 7. gr.

*Lögfræði sem 30 eininga aukagrein á almennu sviði.*

Stúdent, sem hefur verið skráður í laganám og hefur staðist próf í BA-námskeiðum, sem vega samtals 30 einingar, getur fengið það nám metið til 30 eininga í lögfræði sem aukagrein á almennu sviði. Þetta eru annars vegar námskeið nr. 03.01.21- Inngangur að lögfræði (3,0e) og nr. 03.01.25- Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (9,0e) og hins vegar 18 einingar skv. vali í öðrum námskeiðum til BA-prófs í lögfræði.

8. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í lagadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og ákvæði V. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 30. ágúst 2007.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 3. október 2007